

Leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðs vegna fóstureyðinga

Eftirfarandi leiðbeiningar eru byggðar á lögum um nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Gott er að hafa þau til hliðsjónar við útfyllingu eyðublaðsins.

Skráningarreitir

Persónuupplýsingar umsækjanda

1. Fullt nafn: Fullt nafnt umsækjanda í samræmi við þjóðskrá.
2. Kennitala: Kennitala umsækjanda í samræmi við þjóðskrá. Ef umsækjandi hefur ekki íslenska kennitölu skal honum gefin sex stafa tala sem táknar fæðingardag, mánuð og ár. Næst koma þrjú “0” eða einhverjir aðrir stafir en tíunda talan táknar þá öld sem viðkomandi er fæddur á, þ.e. “9” fyrir þá sem fæddir eru á 20. öldinni og “0” fyrir þá sem fæddir eru á 21. öldinni.
3. Lögheimili: Lögheimili umsækjanda í samræmi við þjóðskrá.
4. Sími: Sími umsækjanda.
5. Sveitarfélag: Sveitarfélag umsækjanda. Skráið annað hvort heiti eða númer sveitarfélags í samræmi við númer Hagstofu.
6. Breytt heimilisfang eða tímabundið aðsetur: Ef aðsetur er annað en skráð er í þjóðskrá skal greina frá því heimilisfangi hér.
7. Sveitarfélag tímabundið: Ef aðsetur er annað en skráð er í þjóðskrá skal greina frá sveitarfélagi aðseturs hér, annað hvort heiti sveitarfélags eða númer sveitarfélags í samræmi við númer Hagstofu.
8. Ríkisfang: Ríkisfang umsækjanda samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá.
9. Staða á vinnumarkaði: Staða umsækjanda á vinnumarkaði í samræmi við eftirfarandi flokkun:
 - Í launuðu starfi
 - Nemandi
 - Heimavinnandi
 - Öryrki
 - Atvinnulaus
 - AnnaðLeitast skal við að velja aðalstarf/stöðu einstaklingsins. Í þeim tilvikum þar sem um nemanda er að ræða, sem er í launuðu starfi að sumri, skal skrá hann sem nemanda.
10. Menntun: Skráið hvaða menntunarstigi umsækjandi hefur lokið.
11. Hjúskaparstaða skv. þjóðskrá: Skráið (lögformlega) hjúskaparstöðu umsækjanda samkvæmt þjóðskrá.

12. Sambúðarstaða: Skráið hvort umsækjandi er raunverulega í sambúð eða ekki. Gætið þess að fylla bæði út reiti 11 og 12. Þannig getur t.d. umsækjandi verið giftur en ekki í sambúð, ekkja í sambúð o.s.frv.

Gæti þess að fylla bæði út reiti 11 og 12. Þannig getur t.d. umsækjandi verið giftur en ekki í sambúð, ekkja í sambúð o.s.frv.

13. Nafn maka/barnsföður: Skráið nafn maka eða barnsföður. . Umsóknin er jafngild þó ekki séu upplýsingar um barnsföður en samkvæmt 4. lið 13. gr. segir að sé þess kostur, skal maðurinn taka þátt í umsókn konunnar, nema sérstakar aðstæður mæli gegn því.

14. Staða maka/barnsföður á vinnumarkaði: Skráið stöðu maka/barnsföður á vinnumarkaði í samræmi við eftirfarandi flokkun:

- Í launuðu starfi
- Nemandi
- Heimavinnandi
- Öryrki
- Atvinnulaus
- Annað

Leitast skal við að velja aðalstarf/stöðu barnsföðurs. Í þeim tilvikum þar sem um nemandu er að ræða, sem er í launuðu starfi að sumri, skal skrá hann sem nemandu.

15. Kennitala maka/barnsföður: Skráið kennitölu maka eða barnsföður.

16. Lögheimili/aðsetur maka/barnsföður: Skráið lögheimili eða aðsetur maka/barnsföður.

17. Sveitarfélag maka/barnsföður: Skráið annað hvort heiti eða númer sveitafélags í samræmi við númer Hagstofu.

Barneignir og þunganir

Ef eitthvað af neðangreindu á ekki við skal skrá 0.

18. Fæðingar: Skráður er fjöldi fyrri fæðinga.

19. Fósturlát: Skráður er fjöldi fósturláta.

20. Fóstureyðingar: Skráður er fjöldi fóstureyðinga.

21. Utanlegsfóstur: Skráður er fjöldi utanlegsfóstra.

22. Börn á framfæri: Skráður er fjöldi barna á framfæri umsækjanda.

Getnaðarvarnir

23. Engar: Merkið við reitinn “Engar” ef engar getnaðarvarnir voru notaðar.

24. Ef einhverjar þá hverjar: Skráið þær getnaðarvarnir sem umsækjandi notar. Til greina koma eftirfarandi flokkar:

1. Smokkar
2. Pillan
3. Koparlykkjan
4. Hormónalykkjan

5. Ígræðslulyf (Implanon)
6. Önnur hormónalyf (getnaðarvarnaplástrar, getnaðarvarnahringur)
7. Sæðisdrepandi froða, krem, hlaup eða stílar
8. Eigin Ófrjósemisaðgerð
9. Ófrjósemisaðgerð maka
10. Rofnar samfarir
11. Náttúrulegar aðferðir (örugga tímabilið, hitamælingar)

25. Athugasemdir: Skráið athugasemdir, ef einhverjar eru, um notkun getnaðarvarna.
26. Ástæður fyrir því að sótt er um fóstureyðingu: Hér á umsækjandi að greina sjálf frá ástæðum þess að hún sækir um fóstureyðingu.

Undirritun

27. og 28. Eigin umsókn: Merkja þarf við báða reiti, þ.e. að verið sé að sækja um fóstureyðingu og að umsækjandi geri sér ljóst í hverju aðgerð er fólgin og að hún hafi hlotið fræðslu og ráðgjöf. Með undirskrift sinni staðfestir viðkomandi hvoru tveggja.

29. og 30. Umsókn foreldris/lögráðamanns: Ef stúlka er undir 16 ára aldri skulu foreldrar eða lögráðamaður að taka þátt í umsókninni sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 25/1975.

Læknisskoðun/viðtal

31. Fyrsta viðtal: Merkja skal við hvort læknir eða félagsráðgjafi tekur fyrsta viðtal og hvort það fer fram á sjúkrahúsi eða utan þess.
32. Dagsetning skoðunar: Skrá skal dag, mánuð og ár skoðunar.
33. Meðgöngulengd: Skrá skal vikur og daga meðgöngulengdar og merkja við hvort meðgöngulengd sé byggð á kvenskoðun eða ómskoðun.
34. Fræðsla: Merkja skal við að fræðsla hafi verið veitt skv. 16. gr. laga nr. 25/1975. Þar segir: ”Áður en kona, sem gengist hefur undir fóstureyðingu, útskrifast af sjúkrahúsinu, skulu henni veittar leiðbeiningar um getnaðarvarnir. Ef konan er gift eða í sambúð, skal maðurinn, ef mögulegt er, einnig hljóta leiðbeiningar um getnaðarvarnir.”

Forsendur umsóknar

35. Félagslegar ástæður samkvæmt 9. gr. 1.: Ef félagslegar ástæður eru forsendur umsóknar merkið við viðeigandi lið. Ef merkt er við d) lið skal tilgreina nánari ástæður með því að merkja við einn eða fleiri undirliði.
36. Læknisfræðilegar ástæður samkvæmt 9. gr. 2.: Ef læknisfræðilegar ástæður eru forsenda umsóknar skal merkja við viðeigandi lið, tilgreininga ICD-10 sjúkdómsgreininganúmer og sjúkdómsheiti.
37. Nauðgun eða annað samkvæmt 9. gr. 3.: Hér skal merkt við ef forsenda umsóknar er sú að konu hefur verið nauðgað og hún orðið barnshafandi í kjölfarið.

Afgreiðsla umsóknar

38. Hér skal merkt við hvort umsókn hafi verið samþykkt eða henni synjað og krafist er undirritunar læknis eða félagsráðgjafa. Einnig skal skrá númer læknis eða félagsráðgjafa.
39. Hér skal sjúkrahúslæknir merkja við hvort umsókn sé samþykkt eða henni synjað, undirrita og skrá læknanúmer.

Úrskurður nefndar

Rísi ágreiningur um hvort framkvæma skuli fóstureyðingu, skal málinu tafarlaust vísað til landlæknis og skal hann tafarlaust leggja málið undir úrskurð nefndar skv. 28. gr. laga nr. 25/1975.

40. Dagsetning: Skráið dag, mánuð og ár úrskurðar nefndarinnar.

41. Merkið við hvort umsókn hafi verið samþykkt eða henni synjað. Ef umsókn er samþykkt þarf að vísa til greinar og undirliða. Ef umsókn er synjað þarf að greina frá ástæðu synjunar og senda umsókn til landlæknis. Með undirskrift staðfestir nefndin niðurstöðu sína.

Framkvæmd aðgerðar

42. Dagsetning aðgerðar: Skrá skal dag, mánuð og ár aðgerðar.
43. Heiti sjúkrahúss/skurðstofu: Skráið heiti sjúkrahússins þar sem aðgerðin er framkvæmd.
44. Aðgerð framkvæmdi (læknanúmer): Skráið læknanúmer þess læknis sem framkvæmdi aðgerðina.
45. Meðgöngulengd: Skráið meðgöngulengd við framkvæmd aðgerðar í vikum og dögum.
46. Tegund aðgerðar: Merkið við tegund aðgerðar og skráið NCSP aðgerðanúmer. Merkið við fleiri en eitt atriði ef það á við.
47. Eftirköst: Skráið hvort aðgerðinni hafi fylgt einhver eftirköst. Ef svo er merkið við hvers konar eftirköst og skráið ICD-10 sjúkdómsgreiningarnúmer í viðeigandi reit.
48. Ófrjósemisaðgerð framkvæmd samtímis: Merkið við reitinn ef ófrjósemisaðgerð var framkvæmd samtímis.

**Vinsamlegast fyllið út í alla reiti umsóknarinnar
og gætið þess vandlega að skýrslan sé
undirrituð af viðeigandi aðilum og á réttum stöðum.**

Samkvæmt lögum nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir skal umsókn um fóstureyðingu rituð á eyðublöð sem landlæknir gefur út (13. gr). Að aðgerð lokinni skal senda landlækni greinargerð um framkvæmd hennar á þar til gerðum eyðublöðum sem landlæknir lætur í té (24. gr). Þegar útfyllt eyðublöð hafa borist landlækni eru ákveðnar upplýsingar af þeim skráðar í gagnagrunn, s.s. aldur, sveitarfélag, dagsetning aðgerðar og tegund aðgerðar. Kennitala einstaklings eða aðrar persónuupplýsingar eru hins vegar ekki skráðar. Tilgangur með skráningunni er eingöngu að fylgjast með tíðni fóstureyðinga í landinu, m.a. til leiðbeiningar við fræðslu og ráðgjöf. Fyllsta trúnaðar er gætt við meðferð eyðublaðsins skv. 27 gr.